
Fráveita Hveragerðis – stækkun skólphreinsistöðvar

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 18. maí 2026 barst Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) tilkynning frá Hveragerðisbæ um stækkun skólphreinsistöðvar Hveragerðisbæjar úr 4.400 í 10.000 persónueiningar, samkvæmt 19. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 11.05 í 1. viðauka laganna.

HMS leitaði umsagna Hveragerðisbæjar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar og Umhverfis- og orkustofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til HMS: Fráveita Hveragerðis – Stækkun skólphreinsistöðvar. Fyrirspurn um matsskyldu. Cowi – Hveragerðisbær. Maí 2026.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Fiskistofu þann 16. júní 2026,
- Hafrannsóknastofnun þann 15. júní 2026,
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands þann 15. júní 2026,
- Minjastofnun Íslands þann 24. júní 2026,
- Náttúrufræðistofnun þann 15. júní 2026,
- Náttúruverndarstofnun þann 11. júní 2026,
- Umhverfis- og orkustofnun þann 11. júní 2026.

Ekki barst umsögn frá Hveragerðisbæ.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 13. júlí 2026.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Framkvæmdin felst í stækkun skólphreinsistöðvar Hveragerðisbæjar í landi Vorsabæjar við Suðurlandsveg úr 4.400 persónueiningum í 10.000 persónueiningar, en hreinsistöðin tekur við skólpi sem samsvarar 7.000 persónueiningum miðað við núverandi aðstæður og er stöðin því komin yfir þölmörk. Frárennsli frá hreinsistöðinni fer út í Varmá og hefur bakteríumagn í ánni mælst yfir mörkum neðan hreinsistöðvarinnar. Núverandi hreinsistöð er hönnuð til að meðhöndla rennsli sem samsvarar 80 m³/klst. að meðaltali og 120 m³/klst. að hámarki en stækkuð hreinsistöð a.m.k. 100 m³/klst. að meðaltali og 300 m³/klst. að hámarki.

Framkvæmdir felast í endurbótum á núverandi húsnæði hreinsistöðvarinnar ásamt viðbótarbyggingu sem verður um 390 m² að grunnfleti. Nýbyggingin verður staðsett á móts við núverandi byggingu, innan skilgreinds byggingarreits. Rask mun aðallega verða á svæði sem þegar hefur orðið fyrir raski vegna

fyrri framkvæmda við hreinsistöðina, innan byggingarreits og í kringum aðrennislögnina frá Hveragerði.

Auk þess að auka afkastagetu er gert ráð fyrir að nýr búnaður bæti hreinsun. Skólpið fer í gegnum nýjar grófsíur með 3-5 mm möskvum, sand- og fitugildru, lífræna meðhöndlun þar sem bakteríur fjarlægja lífrænt efni úr skólpinu, útrennslissíur sem fjarlægja seyru og UV-sóttthreinsikerfi sem sér um að drepa bakteríur í skólpinu. Hreinsuðu frárennsli er síðan veitt í Varmá. Útblástursloft frá forhreinsun fer í gegnum lyktarsíu áður en það er losað. Gert er ráð fyrir að árlega falli til um 7-8 tonn af ristarúrgangi, 5-6 tonn af sandi og 700-900 tonn af seyru.

Framkvæmdatími er áætlaður um 1-2 ár. Ekki liggur endanlega fyrir hvernig meðhöndlun skólps verður háttað meðan á framkvæmdum stendur en það verður útfært nánar í endanlegri hönnun. Á u.þ.b. 6 mánaða tímabili innan framkvæmdatíma er talið líklegt að skólp muni einungis fara í gegnum eins þreps hreinsun, þ.e. grófsíur og sand- og fitugildru. Þar sem núverandi hreinsun er mjög óskilvirk er gert ráð fyrir að þetta muni hafa lítil áhrif á líf-, efna- og eðlisefnafræðilega gæðapætti Varmár og er ekki gert ráð fyrir að ástand Varmár hnigni meðan á framkvæmdum stendur þar sem núverandi ástand Varmár er ekki viðunandi.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Hveragerðisbæjar og umsögnum umsagnaraðila.

Vatnsgæði og lífríki í vatni

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að grunnvatnshlotin á svæðinu séu tvö, Ölfusstraumur - Forir (103-202-G) og Ölfusstraumur - Ingólfsfjall (103-260-G). Þá eru tvö yfirborðsvatnshlot á áhrifasvæðinu, straumvatnshlotið Varmá (103-792-R) og árósavatnshlotið Ölfusárósar (103-201-T). Samkvæmt Vatnavefsjá er skráð staðbundið álag á straumvatnshlotið Varmá vegna skólps og fráveitu frá núverandi skólphreinsistöð og fráveitu landeldis við Öxnalæk. Aðrir álagspættir sem ekki eru skráðir eru t.d. vegagerð, þéttbýli í Hveragerði og landbúnaður. Ekkert skráð álag er á grunnvatnshlotin skv. Vatnavefsjá en neysluvatn er tekið úr báðum vatnshlotunum. Ekkert álag er skráð á Ölfusárósa skv. Vatnavefsjá.

Fram kemur að ástand grunnvatnshlotanna Ölfusstraumur - Ingólfsfjall og Ölfusstraumur - Forir og árósarvatnshlotsins Ölfusárós sé óflokkað/óþekkt skv. Vatnavefsjá. Vistfræðilegt ástand Varmár er óflokkað þar sem upplýsingar vantar skv. Vatnavefsjá, en efnafræðilegt ástand er sagt gott byggt á sjálfvirkri flokkun á mæligögnum frá 12.05.2022. Árið 2023 var lokað fyrir veiði í Varmá um ótilgreindan tíma vegna mengunar frá núverandi skólphreinsistöð, þar sem hreinsistöðin annaði ekki lengur skólpi frá bænum og hefur bakteríumagn í ánni mælst yfir mörkum neðan hreinsistöðvarinnar.

Samkvæmt greinargerð felast möguleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á vatnsgæði og lífríki viðtaka aðallega í þeim lífrænu og ólífrænu efnum sem berast með meðhöndluðu skólpi út í ána. Aukinn styrkur næringarefna í frárennsli getur haft áhrif á ýmsa líffræðilega og efna- og eðlisefnafræðilega gæðapætti, þar með talið súrefni, svifþörungum, hryggleysingja og fiska. Unnið var áhrifamat vatnshlota fyrir framkvæmdina í samræmi við ákvæði laga nr. 36/2011, um stjórn vatnamála, reglugerðar nr. 535/2011, um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot.

Fram kemur að mælingar á frárennsli sýni að hreinsun stöðvarinnar miðað við núverandi aðstæður sé ekki fullnægjandi. Á framkvæmdatíma verður skert hreinsun á frárennsli með tilheyrandi tímabundnum áhrifum á líffræðilega og efna- og eðlisefnafræðilega gæðapætti Varmár en ekki er gert ráð fyrir að ástand Varmár hnigni meðan á framkvæmdum stendur þar sem núverandi ástand ársinnar er ekki viðunandi. Eftir að framkvæmdum lýkur mun afkastageta hreinsistöðvarinnar aukast og

meðhöndlun og hreinsun skólpsins verða bætt. Mun það hafa jákvæð áhrif á ástand Varmár miðað við núverandi ástand, og þ.a.l. einnig á Ölfusárósa. Ekki er fyrirhuguð frekari vatnstaka við framkvæmdina og því eru áhrif á magnstöðu grunnvatnshlots óveruleg.

Hafrannsóknastofnun telur að þar sem álag á lífríki Varmár hafi verið umtalsvert um langt skeið sé hér verið að ráðast í mjög tímabæra framkvæmd.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands telur að fyrirhuguð framkvæmd sé almennt til þess fallin að bæta núverandi ástand fráveitumála í Hveragerði, þar sem fyrir liggur að núverandi hreinsistöð er komin yfir hönnunarforsendur sínar og að ástand Varmár neðan útrásar hefur ekki verið viðunandi. Sérstaklega er jákvætt að gert sé ráð fyrir aukinni afkastagetu, bættri lífrænni hreinsun og UV-sóttthreinsun til að draga úr gerlamengun. Heilbrigðiseftirlitið bendir á að í greinargerð komi fram að meðan á áfanga 2 stendur kunni skólp tímabundið að fara aðeins í gegnum eins þreps hreinsun í um sex mánuði. Heilbrigðiseftirlitið telur að þetta fyrirkomulag þurfi að útfæra nánar áður en framkvæmdir hefjast. Leggja þarf fram verklýsingu og áhættumat um meðhöndlun skólps á framkvæmdatíma, áætla losunarmagn, áætluð áhrif á viðtaka, mótvægisáðgerðir, tíðni sýnatöku og viðbragðsáætlun ef mengun eykst eða losun fer yfir viðmiðunarmörk.

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar kemur fram að mat framkvæmdaraðila sé að áhrifin af framkvæmdinni, þar með talin röskun á samfellu rekstrar núverandi skólphreinsunar, verði ekki veruleg eða varanleg með tilliti til gæðapátta laga um stjórn vatnamála. Stofnunin gerir ekki frekari athugasemdir við þessi atriði, hafi framkvæmdaraðili horft til viðmiða um bestu aðgengilegu tækni við mótun tillagna að fyrirkomulagi framkvæmdar.

Í svörum er tekið undir umsögn Heilbrigðiseftirlitsins og verða þessi atriði útfærð nánar áður en framkvæmdir hefjast.

Samfélag

Fram kemur að hreinsun og losun skólps geti haft í för með sér lyktarmengun sem sé aðallega bundin við næsta nágrenni stöðvarinnar og útrás í Varmá. Hætta á lyktarmengun mun minnka töluvert með nýjum búnaði og aukinni afkastagetu. Á framkvæmdatíma mun helst gæta umsvifa innan byggingarreits með tilheyrandi hávaða auk umferðar vinnutækja um Öxnalækjarveg en eðli málsins samkvæmt verður um að ræða tímabundin áhrif. Vegna fjarlægðar eru framkvæmdirnar ekki taldar hafa mikil áhrif á aðra starfsemi á svæðinu eða íbúa í nágrenninu. Þar sem ástandið mun batna miðað við núverandi aðstæður eru áhrif vegna framkvæmda metin nokkuð jákvæð á samfélag.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bendir á að gera þarf kröfur um reglulegt viðhald lyktarsíu/biofilters, hreinsun búnaðar, skráningu kvartana og úrbætur ef lyktarónæði verður.

Í svörum Hveragerðisbæjar kemur fram að gert sé ráð fyrir að sett verði inn ákvæði um þennan þátt í starfsleyfi í samráði við heilbrigðiseftirlit.

Ásýnd

Fram kemur að möguleg ásýndaráhrif framkvæmdarinnar felist aðallega í mannvirkjagerð innan byggingarreits. Vegna þeirrar starfsemi og þeirra mannvirkja sem eru á svæðinu í dag, bæði núverandi hreinsistöðvar og athafnasvæðisins, er ekki verið að breyta ásýnd svæðisins svo um munar og því eru áhrif á ásýnd talin óveruleg.

Jarðmyndanir

Í greinargerð kemur fram að möguleg áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir felist aðallega í beinu raski vegna mannvirkjagerðar. Framkvæmdir fara fram innan svæðis þar sem jarðmyndanir einkennast af nútímahrauni sem fellur undir sérstaka vernd skv. 61. grein náttúruverndarlaga. Samkvæmt greinargerð með frumvarpi til laganna kemur fram að nútímahraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hafi að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndun eða „hraunvistgerð“ og njóti

Það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Þessi lýsing á við um fyrirhugað framkvæmdasvæði sem er gróíð að mestu en hefur annars nú þegar verið raskað. Því má telja að verndarviðmiðið eigi ekki við á þessu svæði. Vegna umfangs framkvæmda og þar sem svæðið hefur þegar orðið fyrir raski vegna fyrri framkvæmda eru áhrif á jarðmyndanir metin óveruleg.

Gróður

Fram kemur að möguleg áhrif framkvæmdarinnar á gróður felist aðallega í beinu raski vegna mannvirkjagerðar. Svæðið sem framkvæmdir fara fram á er skilgreint sem tún og akurlendi samkvæmt vistgerðaflokkun Náttúruverndarstofnunar og eru áhrif á gróður því metin óveruleg.

Fuglar

Fram kemur að möguleg áhrif framkvæmdarinnar á fugla felist aðallega í beinu raski vegna mannvirkjagerðar og truflunar á framkvæmdatíma. Framkvæmdir fara fram innan svæðis sem er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði af Náttúrufræðistofnun og kallast Suðurlandsundirlendi. Framkvæmdir fara fram á þegar röskuðu landi og því er ekki talin ástæða til að ætla að breytingar á svæðinu muni hafa áhrif á búsvæði fugla. Fuglar gætu orðið fyrir áhrifum á framkvæmdatíma vegna hávaða en þar sem framkvæmdasvæðið er í nágrenni við athafnasvæði og Suðurlandsveg eru áhrif þeirrar truflunar metin minni háttar. Vegna umfangs framkvæmda og staðsetningar og þar sem svæðið hefur þegar orðið fyrir raski vegna fyrri framkvæmda eru áhrif á fuglalíf metin óveruleg.

Náttúrufræðistofnun og Náttúruverndarstofnun benda á að æskilegt sé að framkvæmdir fari fram utan varptíma.

Hveragerðisbær bendir á að fuglar gætu orðið fyrir áhrifum á framkvæmdatíma vegna hávaða en þar sem framkvæmdasvæðið er í nágrenni við athafnasvæði og Suðurlandsveg (< 200 m) eru áhrif þeirrar truflunar metin minniháttar. Um er að ræða tímabundin áhrif sem eru bundin við byggingarreitinn. Sveitarfélagið mun eftir fremsta megni haga framkvæmdum þannig að þær valdi sem minnstu ónæði fyrir fugla og þá sérstaklega á varptíma.

Fornminjar

Fram kemur að möguleg áhrif á fornleifar afmarkist af beinu raski við mannvirkjagerð. Framkvæmdir fara fram innan friðhelgaðs svæðis Sognstöftar. Tóftin er 7 X 5,5 m að stærð og er í nokkurri nálægð við framkvæmdir við aðrennslislögnina frá Hveragerði. Ekki stendur til að hrófla við tóftinni og verður hún girt af á framkvæmdatíma. Haft verður samráð og sótt um heimild Minjastofnunar.

Verndarsvæði

Í greinargerð kemur fram að austan við svæðið renni Varmá en áin og bakkar hennar eru á C-hluta náttúru-minjaskrár – svæði nr. 751. Varmá og Ölfusforir. Þá heyra áin og bakkar hennar undir hverfisvernd HV1 skv. Aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029. Framkvæmdir eru utan marka þessara verndarsvæða. Þá munu framkvæmdir ekki fara fram á vatnsverndarsvæði eða í nágrenni við vatnsból.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að í matsskyldufyrirspurn skorti nánari umfjöllun um verndarsvæðið og möguleg áhrif framkvæmda og reksturs skólphreinsistöðvarinnar á verndarsvæðið. Æskileg mótvægisáðgerð væri gerð vöktunar- og viðbragðsáætlunar gagnvart verndarsvæðinu og lífríki Varmár bæði á framkvæmda- og rekstrartíma stöðvarinnar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að vöktunar- og viðbragðsáætlanir verði settar fram í tengslum við leyfisveitingar.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við Aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2017-2029 og deiliskipulag fyrir svæðið Vorsabæ.

Framkvæmdin háð byggingarleyfi Hveragerðisbæjar skv. lögum um mannvirki og framkvæmdaleyfi skv. skipulagslögum. Einnig starfsleyfi heilbrigðisnefndar skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og reglugerð um fráveitur og skólphreinsun. Enn fremur leyfi Fiskistofu sbr. lög um lax- og silungsveiði vegna mögulegra áhrifa á framkvæmdartíma.

6 Niðurstaða

Um er að ræða stækkun skólphreinsistöðvar Hveragerðisbæjar úr 4.400 í 10.000 persónueiningar. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 11.05 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli hennar, svo sem stærð og umfangi, samlegðar með öðrum framkvæmdum, úrgangsmýndunar og mengunar, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar og verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða og landslagsheilda, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrir liggur að Varmá og bakkar hennar eru á náttúruminjasrá og nýtur áin einnig hverfisverndar skv. aðalskipulagi Hveragerðisbæjar. Ljóst er að við fyrirhugaðar framkvæmdir verður ekki rask á ánni eða bökkum hennar en Varmá er viðtaki fyrir skólp frá sveitarfélaginu og liggur fyrir að ástand hennar neðan útrásar hefur ekki verið viðunandi, m.a. hefur bakteríumagn í ánni mælst yfir mörkum neðan núverandi hreinsistöðvar með mögulegum áhrifum á vatnsgæði og lífríki. Með fyrirhuguðum framkvæmdum mun bæði afkastageta hreinsistöðvarinnar aukast og hreinsun frárennslisins batna þannig að hér er um að ræða framkvæmdir sem bæta ástand fráveitumála í Hveragerði og um leið ástand Varmár þegar horft er til framtíðar.

Fyrir liggur að á framkvæmdatíma mun skólp fara aðeins í gegnum eins þreps hreinsun í um sex mánuði og kann því núverandi ástand að versna að einhverju marki og hafa neikvæð áhrif tímabundið, vegna aukins styrks næringarefna í frárennsli, á ýmsa líffræðilega og efna- og eðlisefnafræðilega gæðapætti straumvatnshlotsins Varmár og árósavatnshlotsins Ölfusárósa. Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) telur þó ekki líklegt að ástand vatnshlotsins Varmár muni hnigna miðað við núverandi aðstæður á framkvæmdatíma þar sem núverandi ástand árinna er ekki viðunandi. HMS tekur undir með framkvæmdaraðila að ákjósanlegast sé að framkvæmdir við áfanga 2 sem lúta að núverandi hreinsistöð fari fram yfir vetrartímann þegar lífríki í ánni er í lægð. Þá má einnig búast við að álag á skólpkerfið, t.a.m. vegna ferðamanna, verði í lágmarki. Stofnunin telur mikilvægt að fyrirkomulag hreinsunar á framkvæmdatíma verði útfært nánar í starfsleyfi en í leyfi er hægt að öðru leyti að gera kröfur um mótþægisáðgerðir, tíðni sýnatöku og eftir atvikum aðra vöktun sem og viðbragðsáætlun. HMS telur jafnframt að unnt sé að setja ákvæði í starfsleyfi um reglulegt viðhald lyktarsíu/biofilters, hreinsun búnaðar, skráningu kvartana og úrbætur ef lyktarónæði verður.

Fyrir liggur að framkvæmdasvæðið er innan svæðis sem er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og er jafnframt á nútímahrauni sem alla jafna nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Um er að ræða mjög umfangsmikið svæði sem er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og telur stofnunin ekki að áformuð framkvæmd muni hafa áhrif á verndargildi svæðisins. Fuglar kunna að verða fyrir tímabundinni truflun á framkvæmdatíma en það ónæði er líklegt til að verða minni háttar ef tekið er mið af staðsetningu fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis í grennd við fjölfarinn þjóðveg og athafnasvæði.

Þá telur HMS að ekki verði um neikvæð áhrif að ræða á nútímahraun þar sem fyrir liggur að svæðinu hefur þegar verið raskað, það er sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða sem hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða HMS að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 31. ágúst 2026.

Reykjavík, 30. júlí 2026,

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson

